

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Helludals.

Í breytingunni felst að 13 frístundahúsalóðum er bætt við á tveimur nýjum svæðum, 9 við Engjagil og 4 við Giljastíg. Hámarksstærð frístundahúsa er 100 m² og skal mænishæð ekki vera meiri en 6 metrar. Einnig er heimilt að byggja allt að 20 m² aukahús á hverri lóð.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. október 2007.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. apríl 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. apríl 2008